

Nd.

711. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið um launajöfnunarbætur o. fl. var lagt fram í upphafi þings til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 24. september í fyrra. Meginefni laganna var að banna visitölubætur á kaup, en ákveða í staðinn svokallaðar launajöfnunarbætur, fasta upphæð sem jafngilti aðeins broti af þeim verðhækkunum sem yfir höfðu dunið. Ekkert hefur verið hreyft við frumvarpinu meginhluta þingtímans, þar til nú að ætlunin er að lögfesta það á örfáum dögum, en svo breytt að þar stendur naumast steinn yfir steini.

Launajöfnunarbætur þær, sem um er fjallað í 1. og 2. gr., eru nú orðnar hluti af því bráðabirgðasamkomulagi sem verkalýðsfélög og atvinnurekendur gerðu 26. mars s. l. Að lögfesta þennan hluta bráðabirgðasamkomulagsins er í senn fáránlegt og ögrun við verkalýðshreyfinguna sem mótmælt hefur mjög harðlega lagasetningu um slík atriði. Í 1. gr. er einnig rætt um að „heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins“ semji um kjör, og virðist í því orðalagi felast tilraun ríkisstjórnarinnar til að svipta einstök verkalýðsfélög sammingsrétti, en þar er um að ræða mjög alvarlega ihlutun um innri mál verkalýðshreyfingarinnar, skerðingu á réttindum og lýðræði. Við leggjum því til að 1. og 2. gr. frv. verði felldar niður.

3. og 4. gr. frumvarpsins fjalla um greiðslu svokallaðra launajöfnunarbóta til bænda. Þar er búið til kerfi sem er svo flókið að það þjónar naumast öðrum tilgangi en þeim að tryggja æðimörgum skriffinum atvinnu, m. a. eiga þeir að skoða öll skattframtöl íslenskra bænda! Þá er ákveðið í 4. gr. að aðeins þeir bændur, sem franleiða niðurgreiddar búvörur, megi fá launajöfnunarbætur! Engin trygging er fyrir því að hálaunabændur geti ekki fengið slíkar greiðslur til jafns við aðra. Allt er þetta kerfi svo flókið að þess er enginn kostur að gera við það skynsamlegar breytingartillögur, og ekkert ráðrúm er til þess að gera tillögur um aðra skipan, svo mjög sem ríkisstjórnin rekur á eftir afgreiðslu málsins. Við munum því ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um þessar greinar, en vörum ríkisstjórnina alvarlega við afleiðingunum af framkvæmd hennar.

Í 5.—8. gr. er fjallað um bætur almannatrygginga. Þar er um nokkra hækkun að ræða á bótunum, en engu að síður er haldið fast við þá stefnu að skerða kjör aldræðs fólks og öryrkja enn freklegar en afkomu annarra þjóðfélagsstétta. Með breytingartillögum okkar við 6. gr. leggjum við til að aldræð fólk og öryrkjar fái sömu bætur í krónutölu og um var samið í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars, en aðrar bætur trygginganna hækki í sama hlutfalli. Í breytingartillögum okkar við 7. gr. leggjum við til að tekjutrygging hækki í samræmi við visitölu, svo að viðbótarbætur til þeirra, sem naumasta afkomu hafa, haldi verðgildi sínu.

Þessar breytingartillögur okkar fela í sér hækkun á útgjöldum almannatrygginga, en til þess að mæta því leggjum við til að í nýrri grein verði ákveðið að svokallaður verðhækkastuðull komi ekki til framkvæmda á þessu ári, en sá stuðull mun gera flesta atvinnurekendur og fjáraflamenn skattfrjálsa án tillits til afkomu þeirra. Borgi þessir aðilar eðlilega skatta munu þeir standa undir þeirri hækkun á bótum almannatrygginga sem við gerum tillögu um og vel það.

Við lokaafgreiðslu málsins var allt í einu bætt við nýrri grein um óskýlt efni, málefni fjárfestingarlánasjóðanna, en ætlunin er að verðtryggja eða gengistryggja lán þeirra í vaxandi mæli. Þar er um að ræða fjölþætt vandamál, nátengt heildarstefnu í atvinnu- og efnahagsmálum. Óvissan í þeim efnum er svo mikil að við teljum ekki tímabært að taka ákvarðanir um lánakjör fjárfestingarlánasjóðanna nú og leggjum því til að sú grein falli niður.

Alþingi, 13. maí 1975.

Magnús Kjartansson,
frsm.

Gylfi D. Gíslason.